

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1989

31. mars 1989

271

Nr. 137

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innfluttar kökur og majones.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll, 24%, af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9009 og 16% af majonesi sem flokkast tnr. 2103.9002 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Jöfnunartollur samkvæmt 1. gr. skal lagður á tollverð vöru og skulu ákvæði 8.–10. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 30. september 1989.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

20. mars 1989

Nr. 138

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Búðardal, skv. samþykkt um hundahald í Laxárdalshreppi frá 9. mars 1989, skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið með eindaga 1. maí 1989.